



Guðbrandur Haraldsson  
Orrahólum 7  
111 Reykjavík

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 26. apríl 2013  
Tilv.: IRR11070157/9.11.3

Ráðuneytið vísar til beiðnar yðar er barst ráðuneytinu með bréfi dags. 13. júlí 2011. Í erindinu kemur fram að þér óskið eftir því að kannað verði hvort til staðar séu úrræði í innanríkisráðuneytinu til lausnar á máli sem forsætisráðuneytið hafði til úrlausnar á árinu 2010. Með erindinu fylgdi bréf forsætisráðuneytsins dags. 24. febrúar 2011. Þar kom m.a. fram að þér teljið að þér og fjölskylda yðar hafi verið beitt órétti og að ekki hafi verið bætt að fullu tjón sem fjölskylda yðar varð fyrir er krapaflóð fíll úr Geirseyrargili og hafnaði á húsi yðar þann 22. janúar 1983 með hörmulegum afleiðingum. Að mati yðar megi rekja tjónið til þess að varnargardur í Geirseyrargili, hafi beinlínis beint flóðinu af auknum þunga á hús yðar og á því beri sveitarfélagið ábyrgð. Ekki hafi farið fram opinber rannsókn á atvíkinu og að stjórnvöld hafi látið það afskiptalaust hvernig staðið var að málum hjá sveitarféluginu. Hvað varðar nánara efni bréfsins, er vísað til þess.

Í ráðuneytinu hefur farið fram ítarleg skoðun á málinu. Í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 100/2012 er tóku gildi 1. september 2012, er fjallað um hlutverk og starfssvið ráðuneytanna. Hvað varðar mál yðar, þá fer innanríkisráðuneytið m.a. með mál er varða dómstóla, réttarfar, mannréttindi og sveitarfélög skv. 4. gr. forsetaúrskurðarins og takmarkaðist skoðun ráðuneytsins því við þá þætti. Einnig verður að skoða úrræði ráðuneytsins til viðbragða í ljósi forsetaúrskurðar nr. 100/2012.

Í fyrsta lagi vill ráðuneytið benda á að í téðum forsetaúrskurði er fjallað um hlutverk forsætisráðuneytsins. Í 6. tl. D-lið 1. gr. forsetaúrskurðarins kemur fram að forsætisráðuneytið fer með rannsókn á orsökum ofanflóðs og afleiðingu þess ef manntjón hlýst af. Sambærilegt ákvæði var í forsetaúrskurði nr. 125/2011 er tók gildi 29. september 2011, en ákvæði sama efnis var ekki í áðurgildandi reglugerð um Stjórnarráðs Íslands nr. 177/2007. Þá fer forsætisráðuneytið með rannsókn á orsökum ofanflóðs og afleiðingar þess ef manntjón hlýst af skv. lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Innanríkisráðuneytið er ekki bært að lögum til að láta fara fram rannsókn á ofanflóðum.

Í öðru lagi ber að líta til þess að fyrir liggur dómur Hæstaréttar í máli yðar, sbr. mál nr. 390/1992 og tekur dómurinn til þeirra atriða sem þér óskið endurskoðunar á gagnvart sveitarféluginu Vesturbyggð, áður Patrekshreppur. Í umræddu máli var sveitarfélagið sýknað af kröfum yðar. Þér fóruð fram á endurupptöku málsins en því var hafnað með ákvörðun Hæstaréttar dags. 28. nóvember árið 2002 í máli nr. 300/1992. Einnig liggur fyrir sátt sem gerð var árið 2008 af hálfu aðila máls með milligöngu umhverfisráðuneytsins. Með undirritun samkomulagsins, lýstu aðilar

málsins því m.a. yfir að þeir myndu ekki gera neinar frekari kröfur, hverju nafni sem þær nefndust á hendur hvor öðrum vegna málsins og lýstu aðilar því yfir að með undirritun sinni að væri ágreiningsmálinu öllu leyti lokið, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Fenguð þér og eiginkona yðar 6 milljónir króna sem fullnaðargreiðslu vegna ágreiningsins, með tilstyrks Ofanflóðasjóðs.

Í 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að dómendur fari með dómsvaldið og í 24. gr. laga nr. 15/1998 um dómsstóla kemur fram að dómarar eru sjálfstæðir í dómstörnum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra. Dómsathöfn verður ekki endurskoðuð af öðrum neima með málskoti til æðra dóms. Í 1. gr. laga nr. 15/1998 kemur jafnframt fram að Hæstaréttur Íslands er æðsti dómsstóll ríkisins. Af þessu leiðir að ráðuneytið er ekki bært til að endurskoða dóm Hæstaréttar eða ákvörðun hans um að hafna endurupptöku málsins.

Í brefi forsætisráðuneytis dags. 24. febrúar 2011 kemur fram að því er varðar þann lagagrundvöll sem Hæstaréttur starfar eftir og kemur í veg fyrir að ný gögn sem þér hafi aflað verði tekin fyrir af dómslum, þá heyri þau lög undir innanríkisráðherra. Því væri erindi um endurskoðun þessara lagaskilyrða réttilega beint til þess ráðherra.

Ráðuneytið vill benda á að í XXVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er fjallað um endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í Hæstarétti. Þann 9. mars 2013, tóku gildi lög nr. 15/2013 um breytingu á lögum um dómsstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd). Með lögunum er komið á fót endurupptökunefnd, sem hefur verið falið það hlutverk að taka til skoðunar hvort leyfa skuli endurupptöku máls, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti.

Um endurupptöku máls sem hefur verið dæmt í Hæstarétti er fjallað í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar kemur fram að endurupptökunefnd getur leyft samkvæmt umsókn aðila að máli sem þar hefur verið dæmt að það verði tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu á ný ef tilteknum skilyrðum sem koma fram í a- til c-lið er fullnægt. Skilyrðin eru: a. sterkar líkur eru leiddar að því að málsatvik hafi ekki verið leidd réttilega í ljós í Hæstarétti þegar málið var þar til meðferðar fyrra skiptið og aðilanum verður ekki kennt um það, b. sterkar líkur eru leiddar að því að ný gögn muni verða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum, c. önnur atvik mæla með því að leyfið verði veitt, þar á meðal að stórfelldir hagsmunir aðilans séu í húfi.

Hér er þó rétt að vekja athygli á því að þegar þér lögðuð fram beiðni um endurupptöku máls yðar fyrir Hæstarétti árið 2002 þá stóðuð þér einn að þeirri beiðni. Eiginkona yðar, Vigdís Helgadóttir, var ekki aðili endurupptökumálsins samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir í ráðuneytinu. Eiginkona yðar var hins vegar aðili að því máli sem dæmt var fyrir Hæstarétti og endurupptökubeiðnin varðar, en fram kemur í endurriti úr gerðabók Hæstaréttar Íslands dags. 28. nóvember 2002 að leyfisbeiðandi hvað varðar endurupptöku málsins sé Guðbrandur Haraldsson. Í ákvörðun Hæstaréttar þar sem endurupptökubeiðninni er hafnað er einnig gerður greinarmunur á leyfisbeiðanda og eiginkonu yðar, en þar kemur ekki fram að þér og eiginkona yðar hafi staðið sameiginlega að beiðninni. Ávallt er vísað til leyfisbeiðanda í eintölu, en í domi Hæstaréttar er talað um stefnendur í fleirtölu.

Hér vaknar sú spurning hvort unnt sé að beita skýringu samkvæmt orðanna hljóðan við túlkun 2. mgr. 169. gr. laga nr. 91/1991 á þann veg að bæði þér og eiginkona yðar eigið sjálfstæðan rétt til að leggja fram beiðni um endurupptöku þótt bæði verið aðilar dómsmálsins. Þér hafið lagt fram slika beiðni, en eiginkona yðar ekki. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað frá Hæstarétti Íslands er ekki vitað til þess að rétturinn hafi fjallað um endurupptökumál sem svona háttar um, þ.e. að einn aðili máls hafi beðið um endurupptöku, en annar aðili málsins ekki gert það. Til þessa atriðis, þ.e. hvort þér og eiginkona yðar eigið sjálfstæðan rétt til að leggja fram beiðni hvor í sínu lagi, þarf að fá fram afstöðu endurupptökunefndar. Það kann því að vera að úrræði

samkvæmt einkamálalögum um að fá dóm Hæstaréttar nr. 390/1992 endurupptekinn, séu í raun ekki endanlega tæmd.

Um það hvort þau gögn eða upplýsingar sem hafa komið fram eftir dóm Hæstaréttar og eftir að endurupptökubeiðni var hafnað, nægi til að málið verði endurupptekið eða hvort þau gögn breyti í einhverju fyrri afstöðu Hæstaréttar til endurupptöku, verður endurupptökunefnd að fjalla um, að því gefnu að fallist verði á að Vigdís Helgadóttir hafi sjálfstæðan rétt til að óska eftir endurupptöku málsins.

Hér verður einnig að huga að því að í málinu liggar fyrir að gerð var sátt árið 2008 við Vesturbyggð, með milligöngu umhverfisráðuneytisins. Í málinu undirrituðu aðilar samkomulag þess eðlis að ekki yrðu frekari kröfur gerðar og að með undirritun sinni hafi málsaðilar lýst því yfir að ágreiningsmálinu væri að öllu lokið, en greiddar voru 6 milljónir króna sem fullnaðargreiðsla vegna fyrrgreinds ágreinings samkvæmt samkomulaginu. Hvað þetta varðar telur ráðuneytið rétt að málsaðilar meti það með lögmanni hvort að framangreind sátt verði mögulega sett í uppnám, verði óskað eftir endurupptöku að nýju. Einnig hvaða afleiðingar það kunni að hafa varðandi sáttina að óska á ný eftir endurupptöku málsins. Að mati ráðuneytisins verða málsaðilar að hafa þetta í huga en ráðuneytið getur ekki leiðbeint hvað þetta varðar.

Í þessu samhengi verður að gæta að því að aðili getur ekki sótt um endurupptöku máls skv. 1. mgr. 169. gr. einkamálalaga nema einu sinni. Að öðru leyti getur aðili ekki afsalað sér rétti til að beiðast endurupptöku, sbr. 2 mgr.

Í þriðja lagi er rétt að taka fram að það er hvorki á færi innanríkisráðuneytisins né annarra stjórnvalda, að kveða á um saknæmi sveitarfélagsins eða mögulega bótaskyldu þess, en slíkt er einungis á færi dómstóla. Ekki verður heldur séð að innanríkisráðuneytið, eða önnur stjórnvöld, geti hlutast til um að sveitarfélagið gangi til nýrra samninga við yður eða geti að öðru leyti gefið því fyrirmæli um úrlausn málsins enda liggar ekki fyrir sök sveitarfélagsins í málinu. Niðurstaðan er sú að ráðuneytið hefur engin úrræði samkvæmt lögum að beita sér fyrir því að fjölskyldu yðar verði bætt það tjón sem þér teljið hana hafa orðið fyrir. Þá hefur ráðuneytið ekki þær lagaheimildir að láta fara fram rannsóknir á ofanflóðum, en slík mál eru hjá forsætisráðuneytinu skv. forsetaúrskurði nr. 100/2012 og lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, en ráðuneytið hefur fjallað um erindi yðar með bréfi sínu dags. 24. febrúar 2011.

Niðurstaðan er því sú að innanríkisráðuneytið hefur engin úrræði skv. lögum að beita sér fyrir því að yður og fjölskyldu yðar verði bætt það tjón sem þér teljið hana hafa orðið fyrir, eða láta rannsókn fara fram á málinu. Er yður því hér með leiðbeint um framangreint.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir  
Ragnhildur Hjaltadóttir

Helgi Valberg Jensson

